



myndlist

Halldór B. Runólfsson
skrifar



Brjóstmynd af Napoleon Bonaparte tekin úr umbúðunum.


Allt frá því að Albert Thorvaldsen varð heimsfrægur myndhöggvari á fyrri hluta 19. aldar, hafa Danir og Íslendingar deilt um það hvor þjóðin ætti meira í þessu skilgetna afkvæmi beggja. Þjóðhollir mörlandar gera mikið úr föður listamannsins, Gottskálk Þorvaldssyni sem kominn var af Guðbrandi biskupi í kvenlegg. Þeir hafa margt til síns máls, þegar tekið er tillit til þess að Gottskálk var myndhöggvari eða myndskeri. Hann hafði ungur siglt til Hafnar og lagt stund á nám í þeirri iðn, giftist danskri konu og sest að í borginni við sundin, til frambúðar. Albert mun ungur hafa hjálpað föður sínum við myndskurðinn, og þar litu hæfileikarnir fyrst dagsins ljós. Því höfðu Íslendingar til erfða annars vegar og hins vegar til iðju föðurins, þegar rétt er um eignaréttinn á listamanninum.

A hinn bóginn benda Danir á fæðingarborg Thorvaldsens, Kaupmannahöfn, þar sem hann lærði höggmyndalist við Konunglegu akademíuna. Móðir hans var jósk og hann steig aldrei fæti á ættjörð fedra sinna. Hann talaði ekki orð í íslensku og öll menntun og mótun var dönsk. Í augum Dana fer því lítið fyrir Íslendingnum í Albert Thorvaldsen.

Ef sýningunni á Kjarvalsstöðum er ætlað að boða endalok þessa þjóðerniskryts gerir hún það fyrst og fremst með því að sanna hve fánlegur hann er. Hvort Thorvaldsen var danskur eða íslenskur skiptir minnstu máli, því það er ekkert þjóðlegt við list hans. Ef undanskilin eru

nálgast hana eftir leiðum endurreisnarinnar, leiðum sem enginn Itali gat krækt fram hjá. Þetta varð til þess að Thorvaldsen varð dádari meðal mótmælenda germanskra landa, meðan Canova átti miklu fylgi að fagna meðal samlanda sinna og frönskumælandi manna.

Ef vikið er aftur að sýningunni á Kjarvalsstöðum, má sjá að vel hefur tekist til við uppsetningu og umgjörð. Dansk arkitektinn Soren Sass hefur reynt að draga



Amor og Psykke, yrkisefni sem Thorvaldsen var hugleikið.

THORVALDSEN

Dansk-íslenskur Rómverji

fáein portrett, teiknuð eða mótuð af íslenskum eða dönskum mönnum og hægt að rekja til fódurhúsanna, er ekkert í ævistarfi Thorvaldsens sem minnir á upprann.

Thorvaldsen var skilgetið afkvæmi hinnar klassísku Rómur. Þótt hann kæmi frá Kaupmannahöfn, var hann Rómverji eins og Trajanus keisari var Rómverji þrátt fyrir spænskan uppruna. Í heil 40 ár, eða langann úr starfsævi sinni, bjó hann í þeirri borg og nærðist á fornmenningu hennar. Raunar er það stór spurning hvort Thorvaldsen hefði nokkru sinni snúið aftur til Kaupmannahafnar á gamalsaldri, hefði hann ekki eygt þar von um veglega höll utan um verk sín.

Ahrifa hins ný-klassíska skóla var þegar farið að gæta í Akademiunni í Kaupmannahöfn, þegar Thorvaldsen hóf þar nám. Verðlaunastykki hans eru öll í þeim anda. Þessi stefna var kannski jafnþjóðleg í höggmyndalist og hún var þjóðleg í tónlist og bókmenntum. Hún var mikið til spottin af þeim endurvakta áhuga á grísk-rómverskum fornminjum sem þýski fornleiffræðingurinn og fagurkerinn Johann Joachim Winckelmann glæddi um alla álfuna. Hann setti klassíkina til höfuðs barokki og rókókólísta upplýsingaraldarinnar

og krafðist skilyrðislausrar tryggðar listamanna við hinn forna kanón.

Það er ekki auðvelt að rekja þróun Thorvaldsens innan hins ný-klassíska skóla. A sýningunni má sjá hve fljótt hann náði valdi á miðli sínum, hversu örugglega hann nálgadist viðfangsefni sitt meðan hann er ennþá nemandi í Akademiunni. Hins vegar er þróunin hæg og bitandi. Still Thorvaldsens býður ekki upp á neinar stökkbreytingar, en kannski er þroski hans fólgin sifjellt næmari tilfinningu fyrir einföldum og látlausum úrlausnum. Hann rissar með blýanti eða

bleki uppkast á hvaða pappír sem fyrir honum verður. Þessar stúður bera vott um óvenjumikla teiknihæfileika og frjálslega hugmyndasköpun. Satt best að segja, þá komu þessar teikningar mér einna mest á óvart af öllu því sem ég sá á sýningunni.


Eitt heilsteypasta úrtakið af verkum Thorvaldsens á Kjarvalsstöðum eru lágmyndirnar. Þar kemur einna skýrast fram leikni hans í uppbyggingu hópatriða, tilfinning fyrir klassísku línuspili og formgerð. Allt er það látlaust og laust við ofhlæði. Hann mun hafa forðast alla ofþússun, því oft á tíðum sjást meitilför á

marmaranum og hvergi missir gífusíð efniskennnd sína.

Í þessari högværð er kannski að finna tengsl Thorvaldsens við dansk-íslenska menningu. Þau eru ógreinileg, en beri menn saman verk hans og ítalska myndhöggvarans Antonio Canova sem var mestur áhrifa-valdur innan hins ný-klassíska skóla, sjá þeir strax hvor þeirra er fæddur norðan Alpa. Í öllum verkum Canova er viss rikulegur munaður sem hvergi gætir í myndum Thorvaldsens. Þegar hinn síðarnefndi snýr sér umbúðalaust að grísk-rómverskri höggmyndalist, verður Canova að

Nýr myndlistargagnrýnandi Þjóðviljans

Ráðinn hefur verið til Þjóðviljans nýr myndlistargagnrýnandi. Það er Halldór Björn Runólfsson listfræðingur. Hann lauk MA-prófi frá háskólanum í Toulouse í Frakklandi árið 1979 og hefur síðan m.a. verið myndlistargagnrýnandi Helgarpóstsins og þáttarins Á vettvangi í útvarpinu. Auk myndlistarþátta mun Halldór einnig annast pistla um klassíska tónlist og jass í Þjóðviljanum.



upp mynd af samtíð og umhverfi listamannsins, með því að færa muni og listaverk inn í nokkurs konar heldrimannastofur í ný-klassískum anda. Hver stofa eða stúka spannar vissst skeið í ferli Thorvaldsens. Sýningarnefnd og hönnuðir hafa ratað réttan veg milli listar og lífs þessa ágæta myndhöggvara. Þannig er forðast að hruga upp listaverkum í sambhengisleysi, heldur eru færri verk sýnd og þeim fylgt úr hlaði með góðum og gagnmerkum upplýsingum, bæði um inntak verksins og staðsetningu þess í ævistarfi Thorvaldsens. Þá er brugðið upp aldarfarslýsingu með hjálp málverka og annarra heimilda úr samtíð myndhöggvarans, að ógleymdum þeim munum og skjólum sem tengja hann við Ísland. Þá er litskyggusýning við hliðina á sýningar-salnum og er henni fylgt úr hlaði af Kristjáni Eldjárni, sem lýsir verkum Thorvaldsens.

Ef einhver er að sakna væri það einna helst betri og skýrari upplýsinga um starfsaðferðir og tækni listamannsins, ásamt gagnrýnni úttekt á stöðu hans í sögu höggmyndanna. Albert Thorvaldsen lifði umbrotatíð í sögu Evrópu, frönsku byltinguna, uppgang Napoleons og fall, án þess að þess sjáist merki í verkum hans. Fremur mætti ætla að hann hefði lifað í einhverri ómínnisloagnmöllu, fjarri öllum erjum þessa heims. En kannski var það aðalintakt ný-klassísku stefnunnar, að mönnum skyldi færa þá akkerisfestu í listum sem þeir nutu ekki í lífinu sjálfu.

Eitt er vist og það getur hver maður séð á Kjarvalsstöðum, að stáða Thorvaldsens innan þess- arar stefnu sem kannski má kalla fyrsta anga borgaralegrar listar, er sterk. Fáir munu hafa staðið honum snúning á heimavelli hans, hinni fornu list Miðjarðar- hafsins.